

## Fundargerð

**Símafundur í svæðisráði vestursvæðis 21.03.2013, kl. 17.00 – 17.45.**

*Mætt: Elín Heiða Valsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Karl Ölvisson, Sigurður Skúlason, Ólafía Jakobsdóttir og Snorri Baldursson. Forföll: Ástvaldur Guðmundsson.*

*Elín Heiða setti fundinn*

### **1. Skýrsla um Vonarskarð í Vatnajökulspjóðgarði.**

EHV kynnti skýrsluna sem unnin var af rannsóknarteyminu: Rögnvaldi Ólafssyni, Þorvarði Árnasyni, Þóru Ellen Þórhallsdóttur og Gyðu Þórhallsdóttur.

Niðurstöður af rannsókn þeirra eru að „*Vonarskarð eigi að vera lokað fyrir umferð hvort heldur er að sumri eða hausti og eigi ekki að vera opið vélknúinni umferð fyrr en í fyrsta lagi eftir 1. október. Mosi og votlendi í Snapadal þolir illa hvers konar umferð á hvaða árstíma sem er.*

**Álit teymisins er því að Vonarskarð skuli vera lokað fyrir vélknúinni umferð, hvort heldur að sumri sem hausti“.**

Rannsóknarteymið leggur ennfremur til „*að Vonarskarð verði verndað samkvæmt flokki Ib samkvæmt skilgreiningum IUCN, en ekki sem skipulagssvæði innan verndarflokks II, eins og gert var með önnur mikilvæg víðerni innan þjóðgarðsins“.*

Í umræðum fundarmanna komu fram mismunandi sjónarmið um þessar niðurstöður.

KÖ óskaði bókað að hann styddi tillögu svæðisráðsins frá 31.mars 2010

*um að „leyfður verði tímabundinn akstur frá 1. september og fram á vor um Vonarskarð austan Deilis og norður um áreyrarnar að Gjóstuklifi vestan Valafells“.*

Svæðisráðið unir að öðru leiti þeim niðurstöðum sem fram koma í skýrslunni.

ÓJ lýsti yfir stuðningi við niðurstöður rannsóknarteymisins og taldi að mjög faglega væri að verki staðið.

Varðandi tillögu um breytingu á röðun í verndarflokka úr flokki II í flokk Ib bendir svæðisráðið á að það sé ekki tímabært þar sem afmörkun verndarsvæðis í flokki Ib liggur ekki fyrir og að líttill tími sé til stefnu til að vinna að slíkri breytingu. Svæðisráðið leggur að breytingu á verndarflokkum verði frestað.

### **2. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri**

EHV fór yfir stöðu málsins. Fram kom að Framkvæmdasýsla ríkisins tók við framkvæmd verkefnisins eftir undirritun samninga þar um 25. janúar sl. og stýrihópur á vegum Framkvæmdasýslunnar er að störfum við verkefnið.

Svæðisráðið leggur mikla áherslu á beint aðgengi að verkefnisstjórn á undirbúningsstigum verkefnisins og gott upplýsingastreymi um framvindu þess frá stýrihópnum til væntanlegra notenda þekkingarsetursins, þar með talið til þjóðgarðsvarðar vestursvæðis sem samkvæmt lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 annast daglegan rekstur og stjórn viðkomandi rekstrarsvæðis í umboði stjórnar. Svæðisráðið bendir á að starfsmenn þjóðgarðsins á hverjum stað eru fulltrúar þjóðgarðsins og

eiga bein samskipti við íbúana. Bygging þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri er stór framkvæmd sem margir íbúar sveitarfélagsins hafa miklar væntingar til og hafa unnið að undirbúningi og mótun hugmyndarinnar með starfsmönnum þjóðgarðsins um árabíl. Miklu skiptir því fyrir ímynd Vatnajökulsþjóðgarðs á svæðinu sem stærsta og leiðandi notanda þekkingarsetursins að engir hnökror verði á samskiptum milli aðila sem málið varðar.

### 3. Önnur mál

SK vekur athygli á 5 ára afmæli Vatnajökulsþjóðgarðs þann 7. júní nk. Fyrirhugað er að á öllum fjórum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins verði dagskrá með viðburðum á hverjum stað.

ÓJ vekur athygli á að þann 8. júní n.k. eru liðin 230 ár frá upphafi Skaftárelda.

Fram kom að stjórn þjóðgarðsins heldur stjórnarfund á Klaustri 17. apríl n.k. Ekki talin sérstök þörf á að svæðisráðsfundur verði haldinn í tenglum við það en ákvörðun um það tekin síðar.

21.03.13 ÓJ